

Þriðjudaginn 4. nóvember 1986.

Nr. 29/1985. **Dagbjartur Hannesson**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Þórði S. Þórðarsyni

og gagnsök

(Jón Hjaltason hrl.)

Bifreiðar. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. febrúar 1985, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. greinar laga nr. 75/1973 hinn 7. s.m. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 25. febrúar 1985, samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. greinar laga nr. 75/1973. Útivist varð af hans hendi er málið var tekið fyrir á dómþingi 2. október 1985 og féll gagnsökin því niður. Áfrýjaði hann málinu þá að nýju 14. október 1985, samkvæmt heimild í 36. grein laga nr. 75/1973. Hann krefst þess að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 32.935,00 krónur með 40% ársvöxtum frá 27. september 1982 til 1. nóvember 1982, með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 13. júní 1983 en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, 4.205,00 krónur í matskostnað svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð frá Veðurstofu Íslands um veður á Eyrarbakka kl. 18 og 21 svo og á Reykjum í Ölfusi kl. 21 hinn 27. september 1982. Samkvæmt vottorðinu var loft skjý- að við allar þessar veðurathuganir.

Fyrir Hæstarétti heldur gagnáfrýjandi því ekki fram að aðaláfrýjandi beri fébótaábyrgð á tjóni hans eftir hlutlægrei ábyrgðarreglu.

Eins og segir í hinum áfrýjaða dómi átti aðaláfrýjandi fjárhús

beggja vegna þjóðvegarins og voru hlið á girðingu báðum megin vegar. Samkvæmt frásögn aðaláfrýjanda voru bæði hliðin opnuð áður en hann fór að sækja fjárhópin og þau skilin eftir opin til að féð rynni þangað sem það sjálft vildi er að þeim væri komið.

Aðaláfrýjanda mátti vera ljóst að hætta gat stafað af því að láta sauðkindurnar ráða sjálfar inn um hvort hliðið þær leituðu og að nauðsyn bar til, þar sem Suðurlandsvegur er fjölfarinn þjóðvegur en skuggsýnt orðið, að trygg fyrirstaða væri til að varna því að féð tæki á rás inn á veginn og yfir hann fyrr en það gat orðið án hættu fyrir umferð. Þessa gætti aðaláfrýjandi ekki nægilega og þykir hann því eiga nokkra sök á tjóni gagnáfrýjanda.

Fallast má á úrlausn héraðsdóms um að gagnáfrýjandi eigi sjálfur nokkra sök á tjóni sínu. Þykir hæfilegt eftir atvikum öllum að hann beri tjónið að 2/3 hlutum sjálfur en aðaláfrýjandi bæti honum það að 1/3 hluta.

Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 10.978,33 krónur ásamt vöxtum sem reiknist frá 1. nóvember 1982 og verði 45% ársvextir til birtingardags stefnu, 20. júní 1983, en dómvextir samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 30.000,00 krónur.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Dagbjartur Hannesson, greiði gagnáfrýjanda, Þórði S. Þórðarsyni, 10.978,33 krónur með 45% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 20. júní 1983 en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, svo og 30.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Guðmundar Skaftasonar og
Halldórs Þorbjörnssonar.**

Aðaláfrýjandinn, Dagbjartur Hannesson, var við annan mann að sækja 10 - 12 kindur sem voru við Suðurlandsveg nálægt Gljúfurár-

holti í Ölfusi, er óhapp það, er málið er af risið, átti sér stað. Var ætlun hans að koma fénu í girðingu. Hvorki verður honum talið til sakar að hann hafi verið of fálíðaður við reksturinn né heldur að kindurnar hafi runnið upp á veginn vegna þess að hlið var opið hinum megin vegar. Má allt eins vera að óhappið hefði orðið þótt hlið þetta hefði verið lokað. Þegar þessa er gætt verður ekki á það fallist að aðaláfrýjandi hafi átt sök á óhappinu. Teljum við því að sýkna beri hann af bótakröfu gagnáfrýjanda sem greiði honum 35.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Árnassýslu 10. ágúst 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 23. júlí sl., er höfðað með stefnu birtri 20.06. 1983.

Stefnandi er Þórður S. Þórðarson kaupmaður, nnr. 9532-1208, Hvoli, Eyrarbakka, Árnassýslu.

Stefndi er Dagbjartur Hannesson bóndi, nnr. 1516-4069, Gljúfurárholti, Ölfusi, Árnassýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 32.936,00 með 40% ársvöxtum frá 27. september til 1. nóvember 1982 og 47% ársvöxtum frá þeim degi til útgáfudags stefnu, 13.06. 1983, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 4.205,00 í matskostnað auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar meðtalin full málfærslulaun fyrir dóminum skv. lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefndi verði dæmdur til að greiða allan kostnað af málinu þar með talin málsvarnarlaun til umboðsmanns stefnda vegna tilefnislausrar málishöfðunar.

Stefnandi var á ferð á bifreið sinni X-5570 27. september 1982 á leið til Eyrarbakka á þjóðveginum við Gljúfurárholt í Ölfusi um kl. 19:45 er kindur hlupu inn á veginn í veg fyrir bifreið hans og drápu 2 þeirra en skemmdir urðu á bifreið stefnanda.

Stefndi var að reka fjárhóp, sem í voru 10 - 11 kindur, meðfram Suðurlandsveginum til vesturs og var rekstrinum þannig hagað að stefndi fór fyrir hópinn en vinnumaður hans Kristján Karl Gunnarsson fór á eftir hópnum.

Þannig háttaði til á vettvangi að stefndi átti fjárhús beggja vegna Suðurlandsvegjar sem liggur um land hans og höfðu þeir opnað hlið á girðingu beggja vegna þannig að féð gæti runnið í þá áttina sem það var vant að sögn stefnda. Er þeir voru að nálgast hliðin tóku nokkrar kindur sig úr hópnum og hlupu fram úr stefnda til vesturs og yfir þjóðveginn.

Stefndi komst síðan fyrir þær og staðnæmdust þær norðan vegar. Hóf

stefndi að reka þær til baka en þá hlupu þær upp á veginn í veg fyrir bifreið stefnanda með þeim afleiðingum sem að framan greinir.

Á meðan þessu fór fram stóð vitnið Kristján Karl Gunnarsson yfir hinum kindunum handan vegarins.

Stefndi kveðst hafa farið upp á veginn til að vara ökumenn við en hann hafi séð bifreið bera að úr vesturátt.

Vitnið Lovisa Axelsdóttir, sem ók næst á eftir stefnanda, kveður hraða bifreiða þeirra hafa verið 70 - 80 km á klst. en leyfður hámarkshraði er 80 km á þessum vegi.

Við óhappið urðu skemmdir á bifreið stefnanda og þ. 28.9. 1982 voru dómkvaddir menn til þess að meta skemmdir þeirra (sic).

Niðurstaða matsmanna var sú að kostnaður við að gera við bifreiðina væru kr. 32.935,00 sem er höfuðstóll stefnukröfu en reikningur matsmanna var kr. 4.205,00 sem stefnandi krefur stefnda um endurgreiðslu á í málinu.

Stefnandi ber fyrir sig að stefndi beri ábyrgð á tjóni því er hann varð fyrir eftir almennu skaðabótareglunni þar sem hann hafi staðið þannig að verki við reksturinn að óforsvaranlegt sé. Vitnar hann í þessu efni til 64. gr. 2. mgr. umferðalaga og heldur því fram að í þessu tilviki hafi ekki verið nægjanlega margir menn við reksturinn.

Þá hafi þess ekki verið gætt að féð gæti ekki runnið inn á veginn sem sé mjög fjölfarinn. Þá hafi sú fyrirætlan stefnda að láta féð renna um hliðin eftir því sem það var vanið til húsa verið til þess fallin að auka enn á hættuna á því að fé hlypi inn á veginn.

Þá var því haldið fram við munnlegan málflutning að eigandi fjárins bæri hlutlæga ábyrgð á tjóni sem búpeningur hans kynni að valda.

Stefnandi telur ekkert verða fundið að akstri hans í umrætt sinn. Hann hafi ekið á eðlilegum hraða og ekki átt þess nokkurn kost að koma í veg fyrir óhappið þar sem kindurnar hefðu skyndilega hlaupið í veg fyrir bifreið hans.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að engin sök verði á hann lögð í máli þessu. Stefnanda hafi verið vel kunnugt um það að á þessum árstíma sé alltaf slæðingur af sauðfé meðfram Suðurlandsvegi og ökumenn sífellt varaðir við (sic) að gæta varúðar af þeim sökum.

Stefnandi hafi ekki gætt þeirrar varúðar við aksturinn sem honum bar og verði því öll sök á tjóni þessu lögð á hann.

Forsendur og niðurstaða:

Í 2. mgr. 64. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 segir að utan þéttbýlis megi reka búfjárhópa „en fylgja skuli rekstrinum nægilega margir gæslumenn og ef vænta má umferðar ökutækja um veginn, skal einn gæslumaður ætíð fara fyrir.“

Fram kemur í málinu að stefndi fór fyrir reksturinn í umrætt sinn. Hins vegar verður að telja að miðað við aðstæður á vettvangi hafi það ekki verið nægjanlegt að einungis tveir menn voru við reksturinn. Ber að líta til þess, að mikil umferð er allajafna um Suðurlandsveg og tekið var að skyggja. Þá kemur það fram að stefndi gerði beinlínis ráð fyrir því að féð hlyti að renna yfir veginn til þess að komast inn í girðingu þar sem hlið voru opin beggja vegna vegarins.

Samkvæmt þessu ber stefndi nokkra sök á því að umrætt tjón varð á bifreið stefnanda.

Stefnandi hefur skýrt svo frá í aðilaskýrslu sinni að hann hafi mátt vænta þess að fé væri við veginn enda alkunna að á þeim árstíma er óhappið varð er mikið um að fé leiti til heimahaga af afrétti en Suðurlandsvegur liggur um afrétt Ölfushrepps.

Eins og aðstæðum var háttað á vettvangi má ætla að stefnandi hefði átt að verða var við reksturinn ef hann hefði haft fullnægjandi aðgát við aksturinn og þyki hann því bera hluta sakar vegna tjónsins sjálfur.

Rétt þykir að skipta sök með aðilum þannig, að stefndi beri 2/3 hluta sakar en stefnandi 1/3.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á mati dómkvaddra matsmanna sem mátu tjón hans kr. 32.935,00 og verður það lagt til grundvallar í máli þessu. Matskostnaður telst til málskostnaðar.

Með vísan til þess, sem að framan segir um skiptingu sakar með aðiljum, ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 21.957,00 og kr. 12.000,00 í málskostnað.

Allan V. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Dagbjartur Hannesson, greiði stefnanda Þórði S. Þórðarsyni, kr. 21.957,00 með 40% ársvöxtum frá 27.09. 1982 til 01.11. s.á. en með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 13.06. 1983 en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 12.000,00 í málskostnað allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.